

Safnar jakka-merkjum

Pétur Sigurðsson, fyrrv. formaður Alpýðusambands Vestfjarða og Verkalýðsfélags Vestfirðinga safnar íslenskum jakkamerkjum.

— sjá bls. 16



Vesturgatan í uppáhaldi

Ísafirðingurinn María Ögn Guðmundsdóttir hefur unnið marga Íslandsmeistararitla í hjólreiðum auk þess sem hún hefur verið kjörin þríþrautakona ársins og hjólreiðakona árána 2010 og 2012. Hún og sambýlismaður hennar lifa fyrir hjólreiðarnar.



— sjá bls. 12 og 13.



Óháð fréttablað á Vestfjörðum

BÆJARINS BESTA

Stofnað 14. nóvember 1984 · Fimmtudagur 28. febrúar 2013 · 8. tbl. · 30. árg. · Ókeypis eintak



Skolplagnir hreinsaðar

Rúnar, Jónas og Þorsteinn hjá Gámabjónustu Vestfjarða stóðu í ströngu í upphafi vikunnar við hreinsun á skolplögnum í Tangagötu.

Undirbúningur er hafinn fyrir myndatöku laga-anna þar sem til stendur að maibika Tangagötu, Smiðjugötu og Þvergötu í sumar.



Vantar þig íbúð til leigu?

Hafðu samband sími: 456 6600



Bátur mánaðarins aðeins

439 kr.



SUBWAY
alltaf ferskt

Opið virka daga: 10 til 22
helgar: 11 til 22

EINFÖLD REIKNIVÉL
Á EBOX.IS

eBOX
auðveldar smásendingar



Í STÓRUM SKIPUM RÚMAST LÍKA
SMÆRRI SENDINGAR



eBOX er ný, þægileg og einföld lausn til að flytja minni sendingar frá Evrópu til Íslands. Á ebox.is er reiknivél sem segir þér á augabragði hver flutningskostnaðurinn er. Traust og áreiðanlegt leiðakerfi Eimskips á Norður-Atlantshafi tryggir að sendingin þín kemur heim með fyrstu ferð. Auðvelt og fljótlegt.

EIMSKIP
eBOX

Eimskip | Korngöðum 2 | 104 Reykjavík | Sími 525 7000 | www.ebox.is

Fjölgun íbúa á Ísafirði gefur góð fyrirheit fyrir minni byggðakjarna

„Stærsta vandamálið varðandi íbúapróun á norðanverðum Vestfjörðum undanfarin ár er hnignun Ísafjarðar sem byggðakjarna. Ef þessi fólksfækkun hefur náð botninum er hægt að vonast til að minni byggðarlög styrkist í kjölfarið.“ segir Þóroddur Bjarnason prófessor við Háskólann á Akureyri og stjórnarformaður Byggðastofnunar. Á dögumum birti Hagstofan tölur sem sýna að mesta fólksfjölgun á landinu síðastliðna tólf mánuði hafi verið á Vestfjörðum. Íbúafjöldi á Ísafirði stendur í stað og er það í fyrsta sinn í áraradír sem ekki fækkar í bænum. Íbúafjöldi sveitarfélagsins Ísafjarðarbæjar er hinsvegar áfram á niðurleið þar sem íbúum fækkar á Suðureyri, Flateyri, Þingeyri og í Hnífsdal. Þóroddur telur þrátt fyrir þetta að mikilvægu skrefi sé náð í baráttunni við fólksfækkun á svæðinu.

„Við verðum þó að hafa í huga að þrátt fyrir að fjölgað hafi á

Vestfjörðum á síðustu tólf mánuðum hefur aðeins fjölgað upp í þann íbúafjölda sem var árið 2011, en fjöldinn er aftur kominn yfir 7000,“ segir Þóroddur sem hefur lengi rannsakað mannfjöldapróun á Vestfjörðum. Hann telur að hnignun Ísafjarðar undanfarin ár hafi haft keðjuverkandi áhrif fyrir minni byggðakjarna Ísafjarðarbæjar. Sé botninum nú náð skapast tækifæri fyrir eflingu og styrkingu minni byggðakjarna sveitarfélagsins.

„Ísafjörður er sá kjarni á norðanverðum Vestfjörðum sem býður upp á fjölbreytta þjónustu fyrir svæðið allt. Ef við horfum á stærstu byggðakjarna þeirra sveitarfélaga þar sem fólksfækkun hefur verið á undanförunum árum, sjáum við að íbúafjöldi þeirra stendur í stað eða fjölgar,“ segir Þóroddur og vísar þar til Sauðárkróks og Húsavíkur, en fólksfækkun hefur verið bæði í Skagafirði og í Norðurþingi. Þóroddur leggur til grundvallar



Þóroddur Bjarnason stjórnarformaður Byggðastofnunar.

mikilvægi stærsta byggðakjarnans. Sé hann sjálfur að glíma við fólksfækkun er vonlítið að sporna við fólksfækkun á öðrum stöðum.

„Ef Ísafjörður fer, þá fer allt. Litlu þorpin á Vestfjörðum halda áfram að minnka en nú vonumst við til þess að botninum sé náð

og auðveldara verði fyrir litlu þorpin að vaxa og dafna að nýju þar sem ekki lengur er fólksfækkun á Ísafirði. Það er auðveldara að hjálpa hinum byggðakjörnum Ísafjarðarbæjar ef Ísafjörður er ekki sjálfur að glíma við fólksfækkun. Með því að

stöðva hnignun Ísafjarðar er fyrsta skrefið tekið í því að hjálpa öllu svæðinu,“ segir Þóroddur.

Íbúum á Ísafirði fjölgaði um 22 á milli árána 2012 og 2013, en hefur farið jafnt og þétt fækkandi frá árinu 1980.

– gudmundur@bb.is

Framtíðarsýn atvinnumála – opinn fundur ASÍ og stéttarfélaganna

Verk Vest, Fél. járníðnaðarmanna, VLS Bolungarvíkur og ASÍ standa fyrir opnum fundi þriðjudaginn 5. mars kl. 20:00 á Hótel Ísafirði. Fundurinn er liður í undirbúningi stéttarfélaganna og ASÍ fyrir komandi kjaraviðræður. Megin þema fundarins er framtíðarsýn atvinnumála á Vestfjörðum. Félagsmenn eru hvattir til að fjölmenna á fundinn en þar gefst tækifæri til að ræða atvinnumál í sem víðustum skilningi beint við forystu stéttarfélaganna og ASÍ.

Stjórnir Verk Vest, Fél. járníðnaðarmanna, VLS Bolungarvíkur og ASÍ.



Krít Miklu meira en sólarströnd!

Upplifðu

- Sögu og menningu
- Grískar matkrár, taverna
- Gamla bæinn og feneysku höfnina
- Elafonisi
- Fallegar strendur
- Grísku eyjuna Santorini
- Knossos
- Samarisgljúfrið
- Líflegt næturlíf
- Vatnagarða
- Viðurkennda köfunarskóla
- Eitthvað fyrir alla



Fjölskylduvænn áfangastaður

Oscar Village & Suites

30. maí - 13. júní

Verð frá
119.600 kr.

á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn í
íbúð m/1 svefnh.

Innifalið: Flug, flugvallarskattar, gisting
og íslensk fararstjórn.

Verð á mann m.v. 2 í búð m. 1 svefnh.
139.000 kr.

Allt innifalið Tvær vikur

Sunrise Hotel

13. - 27. júní

Verð frá
169.000 kr.

Íbúð á 2 hæðum (maisonette) fyrir 2
fullorðna og 2 börn, allt innifalið.

Innifalið: Flug, flugvallarskattar, gisting
og íslensk fararstjórn.

Verð á mann m.v. 2 í stúdíó 186.500 kr.

ferðaskrifstofa á netinu

ferð.is er íslensk ferðaskrifstofa sem einungis er starfrækt í gegnum netið. Íslendingum gefst með **ferð.is** kostur á að kaupa ódýrar ferðir á netinu án þess að slaka á kröfum um öryggi, þjónustu og góðan aðbúnað.

Fjúgðu fyrir minna

ferð.is
sími 570 4455



Skattpeningarnir nýtist til uppbyggingar

„Það er ekki rétt að því fylgi hagkvæmni að þjappa allri þjónustu saman og koma henni fyrir í Reykjavík. Það bara ódýrara. Það er ekki hagkvæmara fyrir konu frá Vestfjörðum að eignast barn í Reykjavík þótt það sé ódýrara fyrir ríkið,“ segir Þóroddur Bjarnason prófessor við Háskólann á Akureyri og stjórnarformaður Bygðastofnunar. Þóroddur telur mikilvægt að stjórnvöld átti sig á því að það sé eðlilegt að opinber þjónusta sé hlutfallslega dýrari á norðanverðum Vestfjörðum og landssvæðið eigi ekki að gjalda fyrir það.

„Það hefur t.d. verið tregða til að viðurkenna að heilbrigðis-

þjónusta á hvern mann sé dýrari þar sem færri búa. Það er engu að síður staðreynd og það á ekki á loka þjónustunni þess vegna,“ segir Þóroddur en hann vill skoða möguleikann á því að láta skattpeninga Vestfjarða einungis renna til svæðisins.

„Þegar við horfum á íbúapróun á Vestfjörðum síðastliðin 100 ár sést að þar hefur fækkað um helming á meðan á öðrum stöðum ríkir stöðugleiki og fjölgun. Hvernig væri að gefa Vestfirðingum frí frá því að borga upp þjónustu í Reykjavík næstu 10 árin og leyfa sköttunum að renna í uppbyggingu á Vestfjörðum,“ spyr Þóroddur og bætir því við að hægt sé

að halda Þjóðleikhúsinu upp án hjálpar Vestfirðinga í nokkur ár. Íbúar á Vestfjörðum eru ekki nema rétt um 7000 talsins og því myndi þjóðarþjónusta ekki bera af því mikinn skaða.

Misvísandi er að tala um Vestfirði sem eitt landsvæði að sögn Þórodds. „Í raun eru þetta þrjú landsvæði, norðan- og sunnanverðir Vestfirðir og Strandirnar. Það er jafn eðlilegt að tala um Hólmavík í sömu andrá og Ísafjörð eins og að tala um Hólmavík og Reykjavík,“ segir Þóroddur, en 220 kílómetrar eru frá Hólmavík til Ísafjarðar í norðurvestur og Reykjavíkur í suður. Þó sé ekki úr vegi að byggðir á Vest-

fjörðum geti tengst betur, en til þess megi ekki í sífellu skerða þjónustu við byggðalögin á Vestfjörðum.

Í samtali við bb.is hér í blaðinu sagði Þóroddur að ef hægt sé að sporna við fólksfækkun á Ísafirði – eins og nýjustu tölur Hagstofunnar benda til – geti Ísafjörður verið þungamiðjan í allri uppbyggingu á svæðinu. „Ísafjörður getur verið miðstöð viðsnúningsins. Eins og staðan er í dag þá hjálpar Ísafjörður ekki suðursvæði Vestfjarða eða Ströndum mikið, en með bættum samgöngum getur svo orðið. En ef endalaust er verið að skera niður í byggðalaginu er ljóst að þá er

ekki verið að hjálpa neinum.“

Þóroddur telur að skattaávilnir fyrir íbúa sem búa langt frá höfuðborgarsvæðinu – líkt og tíðkast í Noregi – séu ekki vinsælar á hina pólitíska sviði og myndu ekki fá mikinn hljómgrunn á Alþingi. „Frekar ætti að efla alla opinbera þjónustu á Vestfjörðum og nota þá fjármuni sem skapast á Vestfjörðum í að byggja svæðið upp. Þannig er hægt að búa til fjölbreyttari störf, t.d. störf sem krefjast háskóla-menntunar og störf sem konur eru líklegri til að sækja í,“ segir Þóroddur en sjávarútvegur er langstærsta atvinnugreinin á Vestfjörðum.

Á keppnishjólunum inn í stofu

„Núna eru menn að vakna klukkan sex á morgnana og synda þrisvar í viku. Svo eru menn að hlaupa. Við erum yfirleitt í ræktinni í hádeginu þar sem við fylgjum æfingaplani. Flestir eru með trainer sem við setjum hjólin okkar á. Við erum á keppnishjólunum inni í bílskúr eða í stofunni. Það er helst að hafa þetta fyrir framan sjónvarpið því þetta er svo leiðinlegt. Þegar snjórinn minnkar og veðrið hlýnar förum við að æfa úti. Við verðum að ná góðum æfingatímum til að komast alla leið,“ segir Einar Ágúst Yngvason þríþrautamaður um undirbúninginn fyrir hálfum járnkarli sem hann ásamt fjórum öðrum Vestfirðingum hefur skráð sig til keppni í. Hálfur járnkarli er þríþraut sem fer fram í sumar í Hafnarfirði en þar verður

keppt í 1,8 kílómetra sundi, 90 kílómetra hjóleiðum og hálf maraþoni. Opnað var fyrir skráningu um helgina og hafa fimm Vestfirðingar skráð sig til leiks. Einar Ágúst er að taka þátt í annað skipti en hann tók einnig þátt fyrir fjórum árum síðan. „Ég fór fyrir fjórum árum og fór þetta á rétt rúmum sex tímum svo nú fer ég til að hefna ófaranna. Þá var skelfilegt veður og úrhellis rigning,“ segir Einar Ágúst en ásamt honum eru Kristbjörn Sigurjónsson, Rannveig Halldórsdóttir, Bjarni Pétursson og Guðbjörg Sigurðardóttir á leiðinni í keppnina. „Ég held að við eigum ekki möguleika á að sigra þetta, það eru margir góðir þarna. Þetta er fyrst og fremst spurning um að vera með og góður árangur að klára þetta,“ segir Einar Ágúst.



Einar Yngvason mun taka þátt í hálfum járnkarli og æfir stíft fyrir keppnina.

Slökkviliðsstjóri vill sameiningu slökkviliða

Mikill vilji er hjá slökkviliði Ísafjarðarbæjar fyrir sameiningu slökkviliða á norðanverðum Vestfjörðum að sögn slökkviliðsstjóra. Bæjarstjórnin í Bolungarvík og í Ísafjarðarbæ og sveitarstjórn Súðavíkur ræða nú hvort sameina eigi slökkvilið sveitarfélaganna en Ómar Már Jónsson sveitarstjóri Súðavíkurhrepps hefur óskað eftir viðræðum þess efnis. Að sögn Þorbjörns Sveinssonar slökkviliðsstjóra Ísafjarðarbæjar er hugmyndin um sam-

einingu ekki ný af nálinni og hefur það lengi verið vilji slökkviliðsstjóra að sameina slökkviliðin. „Þetta hefur verið í deigluinni í mörg ár, alveg frá því fyrir miðjan tíunda áratuginn. Þetta myndi leysa ýmsan vanda,“ segir Þorbjörn.

Hugmyndin er enn á frumstigi og ekki hefur verið haft samband við slökkviliðsstjóra sveitarfélaganna vegna hennar, enn sem komið er. Þorbjörn segir að sameining hafi til þessa ekki fengið

hljómgrunn meðal sveitarstjórnarmanna en vegna atburða síðasta sumars sé áhuginn að kvikna. „Það sem gerðist í sumar þegar gróðureldar geisudu í Laugardal í Ísafjarðardjúpi virðist hafa haft áhrif,“ segir Þorbjörn, en Súðavíkurhreppur þurfti þá að kalla út aðstoð frá slökkviliði Bolungarvíkur og Ísafjarðarbæjar með tilheyrandi kostnaði.

Þorbjörn telur að byggðasamlag væri besta stjórnsýslueiningin sem héldi utan um slökkviliðið.

„Þá myndu sveitarfélögin sitja í stjórn og sjá um slökkviliðið í sameiningu. Kostnaður við slökkviliðið myndi þá dreifast á sveitarfélögin í samræmi við höfðatölu hvers sveitarfélags. Þetta fyrirkomulag sjáum við í Árnesvísly, í Skagafirði og á höfuðborgarsvæðinu og hefur það gefist vel,“ segir Þorbjörn, sem segir að kostirnir við sameiningu séu margir. „Augljósasti kosturinn er sá að þetta myndi efla brunavarnir á svæðinu. Slökkviliðið verður

eitt og hið sama og fær jafnvel meiri fjármuni frá sveitarfélögum.“

Í bréfi Ómars til sveitarfélaganna er óskað eftir því að með tilliti til sameingar verði skoðað eldvarnareftirlit, brunavarnar-áætlanir, skipulag á fræðslu til almennings og fyrirtækja, skipulag menntunar og þjálfunar slökkviliðsmanna, öflun og endurnýjun búnaðar til sameiginlegra nota og endurbætur á fjar-skiptamálum.

Samkaup

úrval

góðir grannar

Helgartilboð 28. febrúar - 3. mars

samkaupurval.is

30%
afsláttur

verð áður 3.549 kr

2.484 kr/kg

Nauta piparsteik

...sjá uppskrift

"Tyrkneskur
lambakjöts-
réttur"

samkaupurval.is

Úrvals lamba-
grillleggir

úr kjötborði eða pakkaðir ferskir

verð áður 1.598 kr

1.199 kr/kg

25%
afsláttur

30%
afsláttur

verð áður 1.098 kr

769 kr/kg

Kjúklingur, heill, ferskur
frá Ísfugli

...sjá uppskrift

"Kryddlögur með
hvítvíni, krydd-
jurtum og kanil"

samkaupurval.is

Úrvals
lamba-
sirloinsteikur

úr kjötborði eða pakkaðar ferskar

verð áður 1.898 kr

1.499 kr/kg

Góð
kaup!

50%
afsláttur

verð áður 149 kr

75 kr/stk

Nýbakað á staðnum!
Amerískar súkkulaðibitakökur

...sjá uppskrift

"Epli með
höfrum, kanil og
vanilluís"

samkaupurval.is

Rauð epli

verð áður 439 kr

220 kr/kg

50%
afsláttur

Skráðu þig á póstlistann á samkaupurval.is



Útgefandi: Gúttó ehf., kt. 680501-2620
Afgreiðsla og ritstjórn: Silfur götu 1, Ísafirði, sími 456 4560
Ritstjóri BB og bb.is: Sigurjón J. Sigurðsson, 892 5362, bb@bb.is
Ábyrgðarmenn: Halldór Sveinbjörnsson, 894 6125, halldor@bb.is
 Sigurjón J. Sigurðsson
Blaðamenn: Guðmundur B. Þorbjörnsson, guðmundur@bb.is
 Hörður Andri Steingrímsson, hordur@bb.is
Auglýsingar: Halldór Sveinbjörnsson, 894 6125, halldor@bb.is
Prentvinnsla: Litróf ehf.
Upplag: 2.200 eintök
Dreifing: Íslandsþóstur. Dreift án endurgjalds inn á öll heimili á norðanverðum Vestfjörðum
Stafræn útgáfa: www.bb.is / facebook.com/pages/bb.is
Önnur útgáfa: Á ferð um Vestfirði
 ISSN 1670-021X

Tekið er á móti auglýsingum á pósthöfundum bb@bb.is. Auglýsingar þurfa að berast fyrir kl. 17 á mánuðögum fyrir útgáfudag sem er almennt á fimmtudögum.

Ritstjórnargrein

Samhljómur

Í hnitmiðaðri ræðu Þorgerðar Ingólfsdóttur, við móttöku heiðursverðlauna Íslensku tónlistarverðlaunanna 2012, fyrir frumkvöðulstarf hennar í tónlist, sem stjórnandi Hamrahlíðarkórsins í áratugi, undirstrikaði hún með skilmerkilegum hætti hvað lægi að baki þess mikla árangurs og þeirrar fágunar sem verið hefur aðall kórsins, það er: einhugur, samstaða, tillitssemi og þrotlaus vinna þar sem allir lögðust á eitt við að ná einstæðum samhljómi hinna mörgu og ólíku radda.

Í blaðinu Sóknarfæri - frumkvæði og fagmennska í íslenskum sjávarútvegi (febr. 2013) er viðtal við Kristján G. Jóakimsson, vinnslu- og markaðsstjóra Hraðfrystihússins Gunnvarar hf, sem ber yfirskriftina: „Farsælast að snúa bókum saman og koma fram sem sterk heild.“ Meðal þess sem Kristján vekur athygli á er að afurðamarkaðurinn fyrir fisk hafi breyst, staðan sé önnur og nú verðum við að klífa þá brekku, sem í breytingunni felst. Við þurfum að hafa meira fyrir þessu en áður, þetta er ekki eins auðvelt og var, en ég hef fulla trú á að við munum komast upp brekkuna, segir Kristján og bætir við: „Farsælast væri að snúa bókum saman og koma fram sem sterk heild, stórir og sterkir söluáðilar vega þungt þegar við höfum vindinn í fangið.“

Oft hefur verið þörf - nú er nauðsyn. Einu gildir hversu margir „vitringar“ leggja undir sig síður dagblaðanna til að ausa úr viskubrunnum sínum, um það sem gert var, eða ekki gert, á árunum eftir hrun; hversu mikilli prentsvertu er hrukað yfir fortíð einstaklinga og/eða flokka, til niðs eða afneitanar: fram því verður ekki horft, né undan vikist, að fram undan eru ár þar sem öllu máli skiptir að leitast verði við að ná þeim samhljómi, sem einn getur skilað árangrinum sem alla dreymir um.

Þorgerður Ingólfsdóttir veit hvað hún syngur; hún talar af reynslu.

Kristján G. Jóakimsson þekkir umhverfið; hann veit hvernig við eigum að sækja á brattann.

Við verðum að snúa bókum saman. Ná samhljómnun. Takist það ekki endar allt á einn veg: í upplausn

Ráðdeild

Fyrir viku voru liðin 40 ár frá því togarinn Páll Pálsson IS-102 lagðist að bryggju í Hnífsdal í fyrsta sinn. Á afmælisbarninu verður ekki annað séð en það hafi verið í góðum höndum, þar sem ráðdeild var leiðarljós þeirra sem réðu för.

Bæjarins besta sendir áhöfn og eigendum hamingjuóskir.

s.h.

Spurning vikunnar

Hefur þú orðið fyrir kynferðislegu ofbeldi?

Alls svöruðu 549.

Já sögðu 124 eða 23%

Nei sögðu 425 eða 77%

Netspurningin er birt vikulega á bb.is og þar geta lesendur látið skoðun sína í ljós. Niðurstöðurnar eru síðan birtar hér.

Tófunni fjölga hratt

„Refurinn hefur fjölgað sér mjög hratt. Árið 1987, þegar ég byrjaði að veiða ref, var gott að fá þrjá yrðlinga í greni. Nú er algengt að vera með fimm til níu yrðlinga. Eitt greni með níu yrðlingum, helmingurinn af þeim læður árið eftir með fimm til níu yrðlinga, breiðir fljótt úr sér. Blöndun við búdyr gæti verið ein skýring á fjölgun yrðlinga. Búrdýrin sluppu hér þvers og kruss þegar verið var að ala tófur hér á Vestfjörðum,“ segir Valur Richter formaður félags refa- og minkaveiðimanna á Vestfjörðum um fjölgun tófunnar undanfarin ár.

Samkvæmt greinargerð með þingsályktunartillögu um framtíðarskipan refaveiða á Íslandi er markmið umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis að halda

refastofninum í 4-5000 dýrum á landsvísu. „Til að ná því markmiði þurfa veiðar að vera markvissar og engin landsvæði verði undanskilin, öll undanskot munu minnka árangur og jafnframt auka kostnað,“ segir í greinargerðinni.

Þetta er raunhæft markmið að mati Vals Richters formanni félags refa- og minkaveiðimanna á Vestfjörðum. „Það er allt hægt. Ég held að við getum aldrei útrýmt tófunni enda engin ástæða til þess. Hún er alltaf að finna sér ný greni en það er búið að halda þessu niðri síðan menn byrjuðu að búa hér á landinu,“ segir Valur.

Þegar refurinn er hins vegar látinn í friði fjölga honum gríðarlega. Dr. Páll Hreinsson, sem stundaði rannsóknir á íslenska refnum í áratugi sagi í viðtali í

Morgunblaðinu 15. desember 2010 að íslenski refastofninn hafi verið um 1000 dýr á árunum 1973-1975. Árið 2007 hafi fjöldinn verið orðinn 10.000 dýr sem er tíföldun á þrjátíu árum. Líkur eru á að stofninn hafi haldið áfram að stækka með svipuðum hraða.

„Þegar refurinn var friðaður kom sjokk á allt dýralífið því offjölgun á svona rándýri getur valdið tjóni sem er jafnvel aldrei hægt að bæta. Þeir sem hafa verið að fara í fuglabjörgin hafa bent á að tófan er alltaf að komast lengra og lengra inn í björgin og alltaf stærra og stærra svæði sem hún leggur undir sig,“ segir Valur Richter. Hann vonar að leyfðar verði refaveiðar á Hornströndum en hefur ekki trú á að það verði gert. – hordur@bb.is



Mögulegt er að refaveiði verði leyfði á friðlandinu á Hornströndum. Ljósni: Rúnar Óli Karlsson.

Verða refaveiðar leyfðar á Hornströndum?

Í þingsályktunartillögu um breytta framtíðarskipan refaveiða á Íslandi sem umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis sendi Ísafjarðarbæ til umsagnar kemur sú tillaga fram að refaveiðar verði ekki bannaðar á ákveðnum landsvæðum. Það myndi þýða að refaveiðar yrðu hugsanlega leyfðar, að minnsta kosti í einhverjum mæli, á friðlandinu á Hornströndum. Valur Richter, formaður félags refa- og minkaveiðimanna á Vestfjörðum, telur ekki líklegt að veiðar verði leyfðar á friðlandinu. Hann vill að ríkið komi með sérstaka aðstoð við refaveiðar á þeim svæðum sem næst eru friðlandinu. „Ég hef ekki trú á að veiðar verði leyfðar á friðlandinu. Það væri best en ég sé

ekki fyrir mér að sátt myndi nást um refaveiðar á Hornströndum. Það yrði líka að breyta lögum um meðferð skotvopna á friðlandinu en öll meðferð skotvopna er það bönnuð,“ segir Valur.

Skiptar skoðanir eru um hvort leyfa eigi refaveiðar á Hornströndum. Jóhann Birkir Helgason sviðstjóri framkvæmda- og rekstrarsviðs Ísafjarðarbæjar segir að sumir séu á móti því að leyfa veiðar á friðlandinu með þeim rökum að þar hafi verið stundaðar rannsóknir í mörg ár og menn vilji halda þeim áfram. „Þetta er líka heilmikið fyrir túristana. Það er búið að vera að selja þetta svæði sem slíkt og allar myndir í bókum af svæðinu eru af refnum. Hins vegar heillar fuglalífið líka

sem refurinn er skæður í og það væri líklega ekki mikið æðarvarp hérna á svæðinu ef ekki hefðu verið stundaðar refaveiðar. Það væri allavegana ekki eins og það er,“ segir Jóhann Birkir.

Það gæti skapað hættu að leyfa refaveiðar og meðferð skotvopna á svæðinu að mati Jóhanns Birkis. Það eru fyrirtæki sem gera út skipulagðar jökulferðir með skíðafólk sem rennir sér þarna út um allt á skíðum. Hann bendir á að það verði að skoða það vel hvort hægt sé að stunda refaveiðar á sama svæði og verið er að beina ferðamönnum í stórum stíl. „Það er hugsanlegt að þetta fari ekki saman og þess vegna þarf að gæta sín og hugsa hvað þarf að vera í fyrsta sæti í þessu.“



Bolungarvík
101.5

K|100.5

VIÐ GEFUM PENINGA!

Það eina sem þú þarft að gera er að

hringja í **571 1111**

svara léttu spurningu

þekkja hljóðið

og þú gætir unnið allt að

50.000 krónur inn á FéKortið!

Hefst 4. mars.





Fjórðungssamband
Vestfirðinga

Verkefnastjóri Byggðasamlag Vestfjarða um málefni fatlaðs fólks

Byggðasamlag Vestfjarða um málefni fatlaðs fólks bs. (BsVest) er byggðasamlag sveitarfélaga á Vestfjörðum og er rekið á grundvelli laga um málefnum fatlaðra nr. 59/1992 og lögum um sveitarfélög nr 138/2011. Stjórn og framkvæmdastjórn BsVest er rekin sameiginlega með Fjórðungssambandi Vestfirðinga.

Staðsetning starfstöðvar verkefnastjóra er á Vestfjörðum og miðað er við að viðkomandi geti hafið störf hið allra fyrsta. Laun eru samkvæmt kjarasamningi Sambands Íslenskra sveitarfélaga og hlutaðeigandi stéttarfélags.

Starfssvið:

Verkefnastjóri BsVest hefur umsjón og eftirlit með framkvæmd þjónustusamnings um málefni fatlaðs fólks og ber ábyrgð á því gagnvart framkvæmdastjóra og stjórn BsVest að honum sé framfylgt. Verkefnastjóri stýrir vinnu verkefnahóps félagsþjónustusvæða sveitarfélaga er standa að BsVest.

Hæfniskröfur:

Krafist er háskólaprófs sem nýtist í starfi auk reynslu í félagsþjónustu og þekkingar og áhuga á málefnum fatlaðs fólks. Stjórnun og þekking á rekstri verkefna á tilgreindu starfsviði er æskileg.

Góð tölvuþekking er nauðsynleg, þ.m.t. excel, bæði til öflunar og úrvinnslu upplýsinga.

Leitað er að hæfum einstaklingi, karli eða konu, sem hefur til að bera frumkvæði, sjálfstæði, hæfni í mannlegum samskiptum, nákvæmni í vinnubrögðum og forystu- og skipulagshæfileika. Gott vald á íslensku máli í ræðu og riti og hæfni í framsetningu upplýsinga er skilyrði.

Helstu verkefni:

- Vinna að stefnumótun og framþróun málaflokksins fyrir starfssvæðið
- Setja og fylgja eftir gæða- og þjónustumarkmiðum þannig að skjólstæðingar fái þá þjónustu sem nauðsynleg er til að efla sjálfstæði þeirra og færni.
- Vinna að gerð fjárhags-, rekstraráætla og skýrslugerð vegna starfseminnar.
- Eftirlit með því að fjárhagslegar skuldbindingar séu samkvæmt ákvæðum þjónustusamnings og stofnanir sem veita fótluðu fólki þjónustu starfi innan ramma laga og fjárveitinga á hverjum

Umsjón með ráðningu hefur Aðalsteinn Óskarsson framkvæmdastjóri Fjórðungssambands Vestfirðinga adalsteinn@fjordungssamband.is

sími 450-3001 eða 862-6092.

Umsóknarfrestur er settur til og með 11. mars 2013, umsóknir sendist á skrifstofa@fjordungssamband.is

ATVINNA Í BOÐI !

Leitum að aðilum til að sinna dreifingarverkefnum.

Vegna aukinna verkefna á sviði dreifinga leitum við að ábyrgum og duglegum aðilum til að sinna dreifingu á blöðum og tímaritum til heimila og fyrirtækja einn til tvo daga í viku á eftirfarandi stöðum:

**Reykjanesbæ – Grindavík – Ísafirði
Selfossi – Vestmannaeyjum.**

Áhugasamir hafið vinsamlega samband við dreifingardeild í síma 585 8300 eða tölvupóst á dreifing@postdreifing.is

Hlökkum til að heyra frá þér.

Póst dreifing

Póstdreifing ehf | Vatnagörðum 22 | 104 Reykjavík | www.postdreifing.is



BONUS BONUS BONUS BONUS BONUS BONUS



300 KRÓNA
VERÐLÆKKUN **1079**
KR. KG

OS BRAUÐOSTUR
VERÐ AÐUR 1379 KR.KG



259
KR. 770g

MYLLU HEIMILISBRAUÐ
770 GROMM



1195
KR. KG

KS FROSID
LAMBALÆRI



1398
KR. KG

KF FERSKT KRYDDAÐ
HEIÐA-LAMBALÆRI

BÓNUS GRILL-GRÍSAKJÖT



1298
KR. KG

BÓNUS KRYDDAÐUR
GRISAHNAKKI



1298
KR. KG

BÓNUS KRYDDAÐAR
GRÍSAKÖTILETTUR



1198
KR. KG

ALI BAYONNESKINKA
1.FLOKKUR ÚR GRÍSALERI

ÓDÝRUSTU
KJÚKLINGA-
BRINGURNAR
Í BÓNUS
1579
KR. 900 GR
EUROSHOPPER
FROSNAR 900 GR

KYCKLINGFILÉ
STYCKFRYSTA, KÖTTHALT 80%
900 g e

BÓNUS ÍS 2 LTR.
SÚKKULAÐI-VANILLU-JARÐARBERJA

Súkkulaði
Vanilla ÍS 2
JARÐARBERJA ÍS 2

359
KR. 2 ltr



2198
KR. KG



2198
KR. KG



1398
KR. KG



1498
KR. KG

FROSIN BLEIKJA BREINHREINSUÐ M.ROÐI



1259
KR. KG

SJÓFRYST ÝSUFLÖK ROÐ & BEINLAUS



198
KR. 200 G

BÓNUS RIFIN
PIZZABLANDA



398
KR. 500 G

BÓNUS KAFFI
500 gr



198
KR. 2 LTR.

BONUS EKKERT BRUÐL

Hér færðu veltutengda
VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur

Páll Pálsson ÍS fertugur

Á fimmtudag í síðustu viku voru liðin fjörutú á síðan skuttogarinn Páll Pálsson ÍS 102 lagðist í fyrsta sinn að bryggju í Hnífsdal, eftir tæplega tveggja mánaða siglingu frá Japan. Skipið var smíðað fyrir Miðfell hf. í Japan og lauk smíðinni árið 1973, en Páll er nú í eigu Hraðfrystihússins Gunnvarar. Með tilkomu skuttogarans Páls Pálssonar í skipafloata Vestfirðinga gjörbreyttust allar aðstæður í sjávarútvegi á Vestfjörðum. „Páll Pálsson hefur verið hornsteinninn í hráefnisöflun fyrir frystihúsið í Hnífsdal í þessi 40 ár, alveg frá A til Ö,“ segir Sverrir Pétursson útgerðarstjóri HG.

Fimmtán manna áhöfn er á Páli Pálssyni, en alls hefur skipið og

áhöfn þess komið með um 165 þúsund tonn að landi á þessum 40 árum, þar af um 100 þúsund tonn af þorski. Miðað við verðlag í dag er aflinn metinn á um 40 milljarða króna. „Þetta er lauslega reiknað hjá okkur en þessi tala er nær lagi. Það er því óhætt að segja að Páll Pálsson hafi skilað sínu,“ segir Sverrir og bætir því við að skipið eigi sinn sess í hjörtum bæjarbúa í Hnífsdal og á Ísafirði.

Páli Pálssyni hefur verið haldið vel við, en árið 1988 fór skuttogarinn í miklar endurbætur í Póllandi. Þar var hann lengdur um 10 metra, á hann sett perustefni, ný brú og aðalvél. Nokkru síðar var sett nýtt vinnsluferfi um borð. En áskipið nóg eftir? „Ef að þú

ert duglegur að skipta um skaptið og hausinn á hamrinum þá er hægt að halda honum lengi við. Páll hefur alltaf fengið gott viðhald því annars hefði hann aldrei getað haldið sínu striki,“ segir Sverrir.

Þegar skuttogararnir hófu innreið sína í íslenskan sjávarútveg í upphafi áttunda áratugarins varð mikil bylting í atvinnugreininni, en þá fyrst var hægt að ísa fisk í kassa sem bæði bætti gæði aflans og auðveldaði vinnu við löndun og vinnslu. Koma Páls Pálssonar til Hnífsdals markaði þessi tíma-mót á Vestfjörðum.

Sverrir tekur undir vangaveltur blaðamanns um hvort Páll Pálsson hafi með beinum hætti teygst anga sína inn í þriðju eða fjórðu



Páll Pálsson ÍS 102.

hverja fjölskyldu á Ísafirði og í Hnífsdal. „Ég held að það sé nær lagi. Það eru svo margir sem hafa starfað á þessu skipi eða koma til

með að gera það. Það er alveg ljóst að Páll Pálsson hefur haft mikil áhrif hér á svæðinu.“

– gudmundur@bb.is

Ljósnetið nær ekki til allra íbúa

Ljósnet Símans verður tengt við símstöðvar á landsbyggðinni á árinu. Þaðan fer sendingin í gegnum þær línur sem eru til staðar inn á heimilin og þeir sem búa innan við 500 - 1000 metra frá símstöð geta fengið mjög hratt internet. Aðrir munu líklega ekki finna mikinn hraðamun á internet tengingu sinni. Afköstin falla hratt eftir 500 - 650 metra og fer það eftir gæðum koparlínunnar sem liggur frá símstöð inn á heimilin. Líklegt er að hraðinn verði í flestum tilvikum orðinn svipaður og næst með ADSL tengingu eftir 1000 metra fjar-

lægð frá símstöð.

Í Reykjavík og á þeim stöðum þar sem Ljósnetið hefur verið sett upp að fullu er Ljósnetið tengt í götukassa og sendingin fer þaðan inn á heimilin sem er umtalsvert styttri vegalengd. Það býður upp á mun hraðara net þar sem koparlínan úr götukassa inn á heimili er í flestum tilvikum mun styttri en úr símstöðinni inn á heimili.

Sævar Freyr Þráinsson forstjóri Símans segir í samtali við við Fréttablaðið að Síminn ætli að biða almennt með að leggja Ljósnetið á jöðrum hverrar byggðar

þar til símstöðvar þessara 53ja staða sem á að ljósnetstengja hafa verið uppfærðar. Það má því búast við að þeir íbúar staðanna sem ekki búa innan við 500 - 1000 metra frá símstöð fái topp þjónustu og að þeir sem eru í lengri kantinum muni jafnvel ekki finna neinn mun. Ekki hefur verið tekin ákvörðun hvenær ráðist verður í að tengja í götuskápa.

Íbúar í Hnífsdal fá að öllum líkindum frábæra þjónustu vegna nálægðar við símstöð. Svipaða sögu má segja um Flateyri þar sem símstöðin þar er nálægt miðju þorpsins og byggð nokkuð

þétt. Á Ísafirði er símstöðin við Aðalstræti á Eyri og mörg af næstu húsum eru iðnaðar- eða verslunarhúsnæði. Ætla má að nethraðinn hafi minnkað töluvert þegar komið er að Sólögðu og hverfið allt undir Eyrarfjalli njóti ekki eins mikils hraða á netinu vegna fjarlægðar við símstöðina.

Ljósnetið verður einnig tengt við símstöðina inni í Holtahverfi en ekki er víst að Ljósnetið komi fram í auknum hraða internets í þar vegna óhefðbundinnar heimtaugar en sú taug hentar illa fyrir Ljósnetið. Tunguhverfið mun þó njóta mjög hraðvirkra tengingar.

Ljóst er því að þjónustan mun ekki ná til allra íbúa svæðisins og sumir sem eiga möguleika á þjónustunni munu ekki fá eins mikinn hraða á internetinu og aðrir sem búa nær símstöðinni. Með því að tengja Ljósnetið í götukassa væri hægt að þjónusta mun fleiri heimili mun betur.

„Já, en við munum ekki selja þeim Ljósnet sem ekki ná því,“ segir Gunnhildur Arna Gunnarsdóttir upplýsingafulltrúi og hún tekur fram að næsta skref Símans verði að meta þörfina á því að tengja Ljósnetið í götuskápa.

– hordur@bb.is

Ungmennafélagið Ísland

Fjórflokkurinn hefur yngt upp hjá sér. Rétt er að telja Vinstri græna einkskonar arftaka Alþýðubandalagsins sáluga og Samfylkingu eins konar krataflokk þótt margir sakni þeirra góðu gilda sem Alþýðuflokkurinn stóð fyrir. Nýtt fólk er komið í valdastóla þeirra tveggja síðast nefndu en áður höfðu Framsóknar- og Sjálfstæðisflokkur yngt upp. Vonandi verður þetta unga fólk til þess að færa pólitíska umræðu á Íslandi á vitrænt plan. Enn eru þó margir gamlir við kjötkatlana og gætu reynst þeim ungu þungir í taumi. Endurnýjunin í VG sýnist ekki eins sannfærandi eftir að flokkurinn samþykkti áframhaldandi aðilarviðræður að ESB, mörgum flokksmönnum til gremju. En svona er hún pólitíkin. Hún lætur illa að stjórn. Svo virðist sem hugsjónir séu eitt en verkin annað.

Stjórnmalaflokkarnir eru allir á leið í kosningar og hafa allir haldið landsþing. Merkilegt var að Sjálfstæðisflokkurinn skyldi samþykkja að lög skyldu ekki samþykkt frá Alþingi nema að byggjast á kristnum gildum. Vissulega eru þau ríkjandi á Íslandi og í miklu meira mæli en fólk gerir sér almennt grein fyrir. Kristin gildi hafa skilið Vesturlönd frá öðrum heimshlutum, þótt í þeirra nafni hafi verið framín óhæfuverk í gegnum liðnar aldir, líkt og í nafni annarra trúarbragða. Nú er öll trúálaumræða orðin hálfger

tabú, nema minnihlutahópar eigi í hlut. Þá má ræða trúarbrögð og helst eitthvað sem þeim ágætu fulltrúum finnst að fari miður í öðrum trúarbrögðum ásamt því er þeim finnst á sig halla. Trúálaumræða má ekki falla á hið pólitíska plan með upphrópunum og skömmum ásamt hæfilegum skammti af svívirðingum. Því var það ótvíræður kostur að landsfundarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins skyldu vakna og samþykkja að taka þetta ákvæði úr samþykktum fundarins.


En skyldi þetta unga fólk í forystusveit íslenskra stjórn mála ásamt þeim, sem kunna að rata inn á þing úr hópi hinna fjölmörgu nýju framboða, ná þeim tókum á stjórn málaumræðu að kjósendur nenni að leggja við eyrun og nái vitrænum boðskap? Skyldi þetta sama forystufólk í yngri kantinum ná því að starfa saman? Vonandi. Undir árangri í þeim efnum er það komið að beina þjóðinni á braut velferðar. Orðin ein eru bara glamur, eins hefur sýnt sig undanfarnir fjögur ár, ef ekki fylgir í verki.

Við bíðum eftir verkunum og efdum loforðum. Þjóðin á mun meira sameiginlegt en það sem skilið hefur stjórnmalaflokka að hingað til. Ung Íslandi er óskað velfarnaðar. Ungmennafélög hafa oft reynst vel.

Stakkur skrifar

Stakkur hefur ritað vikulega pistla í **Bæjarins besta** í mörg ár. Skoðanir hans á mönnum og málefnum hafa oft verið umdeildar og vakandi umræður. Þær þurfa alls ekki að fara saman við skoðanir útgefenda blaðsins. Þrátt fyrir það bera ábyrgðarmenn blaðsins ábyrgð á skrifum **Stakks** á meðan hann notar dulnefni sitt.

Vaxtaþrep 30 dagar: Leggðu grunn að fram tíðarsparnaði



Vaxtaþrep 30 dagar er bundinn, óverðtryggður innlánsreikningur þar sem vextirnir hækka í þrepum eftir fjárhæð innistæðunnar.

Úttektir af reikningnum þarf að tilkynna með 30 daga fyrirvara en á móti eru vextirnir hærri en á almennum óbundnum innlánsreikningum og eru þeir greiddir út mánaðarlega inn á ráðstöfunarreikning að eigin vali.

Vaxtaþrep 30 dagar hentar því þeim sem vilja örugga og háa ávöxtun en vilja jafnframt að innistæðan sé laus með skömmum fyrirvara.

Fáðu nánari upplýsingar um Vaxtaþrep 30 dagar í næsta útibúi eða á islandsbanki.is.

Við bjóðum
góða þjónustu

islandsbanki.is | Sími 440 4000


Íslandsbanki



Vesturgatan í uppáhaldi

Hver ertu?

María Ögn, sú eina á landinu og í heiminum öllum.

Hverra manna ertu?

Dóttir Sigrúnar Hall í Bókhlöðunni, sem er dóttir Dúdda Hall og Láru Einars. Stjúpdóttir Björns Jóhannessonar lögfræðings. Dóttir Guðmundar St. Sigurðssonar múrara frá Hvammstanga. Og fósturdóttir Jónu Valgerðar Valgeirsdóttur úr Mývatnssveit.

Hvað ertu að gera í lífinu?

Núna er ég tiltölulega nýkomin úr tíu daga æfingaferð með kærastanum mínum og félögum okkar. Kærasti minn er Hafsteinn Ægir en hann hefur verið Íslandsmeistari í hjólreiðum síðustu níu árin. Ég á fimm ára stelpukríli hana Kötlu Björt og tíu ára gömlu Siberian Husky tíkina hana Uglu. Ég hef verið þjálfari á ýmsum vígstöðvum síðustu 12 ár en vinn núna hjá WOWair og þjálfá aðeins með. Þannig að dagurinn byrjar kl 5:36 og endar seinna en hann ætti að gera.

Hvencær fóru hjólin að snúast?

Þegar ég var ólétt af dóttur minni 2007 ákvað ég að gefa sjálfri mér gjöf fyrir að vera svona ógeðslega dugleg að vera ólétt, að kaupa mér geggjað flott hjól í verðlaun. Vorið 2008 keypti ég svo hjólið og fór að keppa í

ýmsum hjóla- og þríbrauta-keppnum. Sem hefur farið svo að ég er núna í landsliðinu í hjólreiðum og á leiðinni á mína aðra Smáþjóðaleika núna í vor.

Hvað er á döfinni?


Smáþjóðaleikarnir í Luxem-

burg núna í lok maí er stóra verkefnið á árinu. En núna eru æfingar á fullu og svo hefst keppnistímabilið í lok apríl og endar í lok ágúst.

Í hvaða greinum keppir þú?

Ég keppi í götuhjólreiðum/

hópstarti sem eru 70-110km keppnir á Íslandi, þar sem allir byrja saman í hóp líkt og í Tour de France. Ég keppi í tímatöku TT sem er 7-40km keppnir þar sem ég fer í eins þröngt spandex og ég get og hjóla eins hratt og ég



María Ögn og Hafsteinn Ægir.

mögulega get. Keppi í fjalla-
hjóleiðum sem er mjög fjöl-
breytt þar sem er hjólað í öllu
því sem íslensk náttúra getur
mögulega boðið upp á. Og
svo í Fjallabruni en þar þarf
mun meiri hlífðarbúnað þar
sem er hjólað niður fjöll og í
hættulegri aðstæðum.

Áttu Íslandsmet?

Það eru ekki Íslandsmet í
hjóleiðum því aðstæður eru
aldrei eins, en ég á nokkra
Íslandsmeistararitla og síðan
hef ég verið kjörin Þrípraut-
akona ársins 2009 og hjól-
reiðakona ársins bæði 2010
og 2012 af Íþróttasambandi
Íslands.

Hvað finnst þér skemmti- legast að gera?

Hjóla að sjálfsgöngu og svo
bara æfa og sinna öllum
áhugamálum mínum sem
eru gjörsamlega stúffull af
ýmsum íþróttageinum, hreyf-
ingu og útivist almennt.

En leiðinlegast?

Að þurrka mér eftir sund,
er stundum alveg ekki að
nenna í sund af því að ég
nenni ekki að þurrka mér.

Hvernig undirbýrðu þig fyrir mót?

Ég æfi allan veturinn fyrir
keppnistímabilið sem er frá
lok apríl til lok ágúst og þá er
ég hvað helst að safna kíló-
metrum í lappirnar. En fyrir
keppnirnar sjálfar þá æfi ég
mig í brautinni sem ég er að
fara að keppa í, finn út í
hvaða gír ég þarf að vera,
hvaða línu ég ætla að taka,
finna út hvar ég get gefið í
og læri að þekkja inn á mig
í brautinni. Ég æfi í anda
þeirrar keppni sem ég er að
fara í, ég keppi í fjórum grein-
um hjóleiða þannig að
þetta eru alveg vel fjölbreytt-
ar æfingar.

Eftirminnlegt atvik úr keppni?

Þegar ég hjólaði hringinn í
kring um landið í fyrrasumar.
Þegar aðeins um 70 km voru
eftir var ég orðin ein á móti
tveimur karlaliðum og barátt-
an var rosaleg. Dass af kíló-
metrum, 60 klukkustundir án
svafni, gott skefni Íslands í
lungunum, keppnisskap og

adrenalín gerðu það að
verkum að ég gjörsamlega
botnaði mig í lokin og öskraði
niður Helliðina á 93km
hraða á TT hjólinu mínu. Ég
hjólaði síðan eins og ég gat
restina af Helliðinni og
niður að Rauðavatni þar sem
markið var en náði ekki að
klára síðasta kílómetrin,
gjörsamlega búin á því og
sendi liðsfélaga minn út til
að klára á meðan ég rann
síðustu metrana í mark.

Hvernig hjól áttu?

Ég á þrjú og keppi fyrir
Örninn á TREK götuhjólið mitt
(þetta með hrútaskýrinu) er
TREK madone SSL 6,9 Project
one og er 6,7 kg. Það hjól er
dálítið uppáhalds þar sem
má segja að ég bjó það til
sjálf, valdi allan búnað, stell
og litasamsetningu, þannig
að það er mjög ólíklegt að
einhver annar eigi eins hjól í
heiminum. Tímatökuhjól mitt
er TREK Speed Concept 7,8
það hjól er hannað til að
fara hratt. Svo er það fjalla-
hjólið mitt sem er TREK Super-
fly 29er, virkilega skemmtileg
enda eru fjallahjóleiðar virkilega
skemmtilegar.

Hvað borðar þú fyrir keppni?

Vakna og skelli beint í mig
einu froosh á meðan hafrá-
grauturinn mallar. Svo fæ ég
mér hafragraut úr tröllahöf-
rum með kúfullri matskeið af
Nutella og þrjú harðsoðin
egg og drekk með því Car-
boload frá QNT sem er hálfur
líter og inniheldur 400 kal-
oríur. Þetta er ég búin með
tveimur tímum fyrir startið og
fæ mér síðan banana 30 mín
fyrir start og er dugleg að
dreipa á vatni fram að starti.

Uppáhalds hjólaleiðin?

Ég er ekkert að reyna að
vera með vesfirskt svar við
þessari því þið eruð að lesa
BB en Vesturgatan er algjör-
lega svo mikið uppáhalds.
Hef keppt þar síðustu tvö ár,
hún er ofsalega erfið, tækni-
leg, býður upp á mikinn fjöl-
breytileika, vel sprungin lungu
og virkilega þreytta fætur
sem er það frábæra við
þetta allt saman.



ÞVOTTAVÉLAR · ÞURRKARAR og UPPÞVOTTAVÉLAR



Gerð hreinlega **frábær kaup** á eðal heimilistækjum!

<p>ÞVOTTAVÉL LAVAMAT 60260FL ISLENSKT STJÓRNBOÐ</p> <p>1200 snúninga Taumagn 6 kg Óll hugsanleg þvottakerfi • Íslensk notendahandbók</p> <p>Listaverð: 135.900,- Þú sparar: 20.385,-</p> <p>TILBOÐSVERÐ – 115.515,-</p>	<p>ÞVOTTAVÉL LAVAMAT 60460FL ISLENSKT STJÓRNBOÐ</p> <p>1400 snúninga Taumagn 6 kg Óll hugsanleg þvottakerfi • Íslensk notendahandbók</p> <p>Listaverð: 145.900,- Þú sparar: 21.885,-</p> <p>TILBOÐSVERÐ – 124.015,-</p>	<p>UPPÞVOTTAVÉL FAVORIT 45010-W/M</p> <p>Tekur 12 manna stell 5 þvottakerfi Turbo-þurrkun Hjólslát vél: 47db (re 1 pW) Orkunýtni: A Þvottahæfni: A Þurrkahæfni: A</p> <p>Listaverð: 99.900,- HVÍT 109.990,- STÁL</p> <p>TILBOÐSVERÐ – 79.900,- HVÍT 89.990,- STÁL</p>	
<p>ÞVOTTAVÉL LAVAMAT 75470FL ISLENSKT STJÓRNBOÐ</p> <p>1400 snúninga Taumagn 7 kg Óll hugsanleg þvottakerfi Kolalaus mótur • Íslensk notendahandbók</p> <p>Listaverð: 179.900,- Þú sparar: 26.985,-</p> <p>TILBOÐSVERÐ – 152.915,-</p>	<p>ÞVOTTAVÉL LAVAMAT 75670FL ISLENSKT STJÓRNBOÐ</p> <p>1600 snúninga Taumagn 7 kg Óll hugsanleg þvottakerfi Kolalaus mótur • Íslensk notendahandbók</p> <p>Listaverð: 189.900,- Þú sparar: 28.485,-</p> <p>TILBOÐSVERÐ – 161.415,-</p>	<p>ÞVOTTAVÉL LAVAMAT 98699</p> <p>1600 snúninga Taumagn 9 kg Óll hugsanleg þvottakerfi Kolalaus mótur</p> <p>Listaverð: 217.900,- Þú sparar: 32.685,-</p> <p>TILBOÐSVERÐ – 185.215,-</p>	
<p>ÞVOTTAVÉL LAVAMAT 87680FL ISLENSKT STJÓRNBOÐ</p> <p>1600 snúninga Taumagn 8 kg Óll hugsanleg þvottakerfi Kolalaus mótur • Íslensk notendahandbók</p> <p>Listaverð: 197.900,- Þú sparar: 29.685,-</p> <p>TILBOÐSVERÐ – 168.215,-</p>	<p>ÞURRKARI LAVATHERM T76280AC ISLENSKT STJÓRNBOÐ</p> <p>Barkalaus Rakaskynjari Taumagn: 8 kg • Íslensk notendahandbók</p> <p>Listaverð: 149.900,- Þú sparar: 22.485,-</p> <p>TILBOÐSVERÐ – 127.415,-</p>	<p>UPPÞVOTTAVÉL ZDF2010 - W/M</p> <p>12 manna stell 5 þvottakerfi 4 hraðastillingar A/A/A orkunýting Hjól 51db Þvottahæfni: A Þurrkahæfni: A</p> <p>Listaverð: 79.900,- HVÍT 89.990,- STÁL</p> <p>TILBOÐSVERÐ – 79.900,- HVÍT 89.990,- STÁL</p>	
<p>ÞVOTTAVÉL OG ÞURRKARI PAR 1 LAVAMAT 75470 & LAVATHERM T76280</p> <p>ÞVOTTAVÉL ISLENSKT STJÓRNBOÐ 1400 snúninga - Taumagn 7 kg Óll hugsanleg þvottakerfi • Íslensk notendahandbók</p> <p>ÞURRKARI Barkalaus með rakaskynjara Taumagn: 8 kg Íslensk notendahandbók • Íslensk notendahandbók</p> <p>Listaverð á PARINU: 329.800,- Þú sparar: 56.965,-</p> <p>TILBOÐSVERÐ – PARIÐ 272.835,-</p>		<p>ÞVOTTAVÉL OG ÞURRKARI PAR 2 LAVAMAT 87680FL & LAVATHERM T86280IC</p> <p>ÞVOTTAVÉL ISLENSKT STJÓRNBOÐ 1600 snúninga - Taumagn 8 kg Óll hugsanleg þvottakerfi Kolalaus mótur • Íslensk notendahandbók</p> <p>ÞURRKARI Barkalaus með rakaskynjara Taumagn: 8 kg Stafrænn framvinduskjár • Íslensk notendahandbók</p> <p>Listaverð á PARINU: 363.800,- Þú sparar: 62.865,-</p> <p>TILBOÐSVERÐ – PARIÐ 300.935,-</p>	



Fjölmenning á góublóti Súgafirðinga


Á Suðureyri við Súganda-
fjörð er sú skemmtilega hefð
við lýði að þar er annað hvert
ár haldið þorablót, og góu-
blót hitt árið. Í ár var komið
að góublóti, en sú er hefðin í
Súgandafirði að karlarnir á
Suðureyri sjá um blótið frá A
til Ö. Blótið var haldið á laug-
ardagskvöld í félagsheimil-
inu á Suðureyri og mættu yfir
140 manns. „Blótið gekk von-
um fram. Skemmtatriðin
voru góð og mikið var hlegið.
Það var fast skotið á heima-
menn en allt var þó á ljúfum
nótum. Enginn sat sár eftir
blótið að því er best er vitað,“
segir Sturla Páll Sturluson tals-
maður góukarla á Suðureyri.

Að sögn Sturlu Páls var stuð-
ið gríðarlegt. „Hljómsveitin
Smalarnir héldu stuðinu uppi
að loknum mat og skemmti-
atriðum og spiluðu þeir undir
morgunsól.

smáar

Til sölu er eitt einstak af bókinni
Sléttuhreppur og tvö eintök af
Búvélur og ræktun. Upplýsing-
ar í síma 557 7957.

118 barna- og unglingabækur
frá árunum 1921-1979 til sölu.
Selst saman. Margar ófánlegar.
Listi sendur til áhugahafenda.
Uppl. í síma 661 7338.



Sælkeri vikunnar er Hrafnhildur Hrönn Óðinsdóttir á Ísafirði

Austurlenskur fiskur

Sælkeri vikunnar Hrafnhildur
Hrönn Óðinsdóttir á Ísafirði
bíður lesendum BB upp á upp-
skrift af austurlenskum fiski-
rétti.

Austurlenskur fiskur

ca. 650 gr sjávarkjöt að eigin
vali (ýsa, þorskur, rækjur)
300 ml Kókosmjólk
1 msk olía
2 ferskir rauðir chili pipar
(fræhreinsa)
1 laukur
2-5 cm engiferbútur

2-5 cm stilkur af lemon gras /
4 dropar sítrónusafi
6 möndlur
1/2 tsk turmeric
1/2 tsk salt
Svartur pipar
Chili, laukur, engifer og lemon
gras er saxað gróft og sett í mat-
vinnsluvél ásamt möndlum, tur-
meric og salti. Gott að setja um
1-3 msk af kókosmjólk og mauka
með.

Skera fisk í bita. Hita olíu á
Wok pönnu og snöggsteikja fiskinn
í um 2 mínútur. Fiskurinn settur

til hliðar. Maukað grænmeti er
sett á Wok pönnuna og hitað þar
til ilmar vel, restinni af kókos-
olfunni blandað saman við. Í
lokin er fiskur settur aftur út í og
hitaður upp. Ef notaðar eru t.d.
rækjur í réttinn er gott að bæta
þeim við í lokin eftir að slökkt
hefur verið á hitanum. Svartur
pipar eftir smekk.

Borið fram með baquette eða
ristuðu brauði.

Ég skora á Jónu Kristínu
Kristinsdóttir á Ísafirði að vera
næsti sælkeri vikunnar.





Afmæli Páls Pálssonar ÍS fagnað

Á fimmtudag voru 40 ár liðin frá því að skuttogarinn Páll Pálsson ÍS 102 lagðist að bryggju í Hnífsdal í fyrsta skipti. Í tilefni afmælisins hittust sjómenn og makar ásamt stjórnendum Hraðfrystihússins

Gunnvarar í Edinborgarhúsinu á föstudag og samglöddust yfir áfanganum.

Kristján Jóhannesson stjórnarformaður HG fór lauslega yfir sögu skipaútgerðar á Vestfjörðum og Sverrir Péturs-


son útgerðarstjóri ræddi um för Páls Pálssonar til Hnífsdals frá Japan árið 1973. Gestir gæddu sér á veitingum og gerðu sér glaðan dag. Margmenni var í Edinborgarhúsinu og lét BB sig ekki vanta.



TYGGÐU EXTRA EFTIR HVERJA MÁLTÍÐ

Rannsóknir sýna að notkun sykurlauss **Extra** eykur munnvatnsframleiðslu, jafnar sýrustig, heldur tönnunum hreinum og stöðvar sýklaárásir á þær.

Extra minnkar upptöku hitaeininga og dregur það úr streitu í amstri hversdagsins.



Pétur Sigurðsson á Ísafirði safnar íslenskum jakkamerkjum

HRING IDAN

LIST | MENNING | DÆGURMÁL

„Ekki veit ég hvort rétt sé að kalla það safn sem ég hefi reitt saman á langri æfi. Miðað við þau söfn sem sáust á sýningu safnara í Norrcænahúsinu á þessu ári er mitt safn kríli með um það bil eitt þúsund gripi. Svo er það hver getur talið sig safnara. Ekki er langt síðan ég var á rölti í Kolaportinu og rakst þar á bás með jakkamerkjum, mynt og fleiru. Ég kynnti mig fyrir sölumanni og sagðist vera safnari og safni jakkamerkjum. Keypti hjá honum nokkur merki. Í framhaldinu sýndi hann mér merki og spurði hvort ég ætti slíkt. Ég hikaði lítillega en sagðist síðan ekki muna hvort ég ætti það. „Og þú kynnr þig sem safnara!“ sagði afgangslumaðurinn hneykslaður. Þá lærði ég það, að sá sem vill



Júnín 1935
 Ísafjarðarbíó
 Elsta samfelld starfandi bíó á Íslandi
 Dolby Digital 3D Facebook Ísafjarðarbíó skemmtun.is

BEAUTIFUL CREATURES
 ÞETTA REDDAST!
 FIMMTUDAG KL 8 FÖSTUDAG KL 8 LAUGARDAG KL 8

ÓSKARSVERÐLAUHÁTÍÐ
 ALLAR STÆDSTU VERÐLAUNAMYNDIRNAR
 Sunnudag - Miðvikudag

BESTA MYNDIN
 ARGO
 SUNNUDAG KL 8

BESTA LEIKARINN
 DANIEL DAY-LEWIS
 LINCOLN
 MÁNUDAG KL 8

BESTA ERLÉNDI MYNDIN
 AMOUR
 ÞRIÐJUDAG KL 8

BESTA LEIKKONAN
 JENNIFER LAWRENCE
 SILVER LININGS PLAYBOOK
 MIÐVIKUDAG KL 8

lata taka sig alvarlega sem safnara verður að hafa þá ástríðu fyrir verkefninu að vita hvað hann á og hvað ekki.

Þegar ég nú er að stokka safnið upp og raða eftir efnisflokkum kemur í ljós að mörg hundruð merki eru aukalega í safninu, þ.e. af sömu sort. Söfnunaráráttan byrjaði fljótt að láta á sér kræla. Aðallega voru það íslensk íþróttafélagsmerki sem ég ágirntist, síðan önnur merki, m.a. sveitarfélaga, stéttarfélag, fyrirtækja og síðan allt sem ég rakst á hingað og þangað. Ég held að sumir séu með einshvers konar söfnunargen á mismunandi stigi og ef vel er að gáð er það á ótal mörgum og fjölbreyttum stigum. Fólk safnar ótrúlegustu hlutum án þess að tengja það við einhverja ástríðu. Sumir safna jólaórum frá Georg Jensen, aðrir teskeiðum frá Jens, fingurbjörgum, miðum af bjórflöskum svo eitt hvað sé nefnt af fjölskrúðugri flóru. Sjálfur safna ég einnig mynt og frímerkjum en þar er það sama, að þetta er allt gert með hálfum huga og árangur eftir því.

Ég er fyrst núna að stokka merkjasafnið upp og raða á stóran skjöld sem er 75x50 cm. Á það kemst stærsti hlut-



inn af þessum þúsund merkjum sem ég á. Þegar spurt er hvaða merki sé verðmætust eða í einhverju uppáhaldi þá verður fátt um svör. Auðvitað eru öll merki verðmæt fyrir safn. Allt sem vantar er jafn verðmætt og það sem maður hefur komið höndum yfir. Í þessari vinnu minni við að stokka safnið upp í aðgengilega greiningu á ég þá ósk að geta skráð hvert og eitt merki, teiknara þess, félag og/eða fyrirtæki. Þróunin er auðvitað sú að félög og

fyrirtæki hverfa af starfsvelli og ný koma í staðinn, þannig er mikil hreyfing á þessum vettvangi. Auðvitað á hér við það sem Tómas sagði:

„Landslag yrði lítilsvirði ef það héti ekki neitt.“

Ekki man ég lengur sögu af því hvernig ég eignaðist ýmis merki, þó kemur eitt í hugann. Ég vann eitt sinn fyrir Rafmagnsveitur ríkisins og var að leysa af í Mjólkár- virkjun. Þangað rakst maður frá Bíldudal, Heimir Ingimars- son, með bilaðan bíl og það

mig að hjálpa sér með viðgerð. Ég var á frivakt og gat því sinnt þessu. Eftir sjö tíma vinnu varð bíllinn gangfær á ný. Heimir bauð auðvitað ekki taka peninga fyrir þetta en ég sœi að hann bæri í jakkalafinu merki sem væri góð greiðsla. Þannig eignaðist ég verðmætt merki lön- nemasambands Íslands. Þetta er sennilega dýrasta merkið í safninu ef tímakaup bifvélaverkja er lagt til viðmiðunar.

Auglýsing um skipulag, Fossárvirkjun, Ísafjarðarbæ

Ísafjarðarbær auglýsir skipulagslýsingu fyrir Fossárvirkjun í landi Fossa og upp í Fossahvilt í Engidal, Ísafjarðarbæ skv. 3. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Gert er ráð fyrir að byggja nýtt stöðvarhús og leggja nýja þrýstivatnspípu og um leið endurnýja vélakost virkjunarinnar. Tengja stöðvarhús við háspennulínu sem liggur eftir Engidal og jafnframt leggja veg að stöðvarhúsinu. Engin breyting verður á miðunarlóni eða stíflu og tengdum mannvirkjum. Heildarafl hennar fer úr 600 kW í 1200 kW

Lýsingin er unnin á grundvelli aðalskipulags Ísafjarðarbæjar 2008-2020. Lýsingin verður til sýnis á bæjarskrifstofum í Stjórnsýsluhúsinu, Hafnarstræti 1, Ísafirði og á heimasíðum Ísafjarðarbæjar www.isafjordur.is og Orkubús Vestfjarða www.ov.is frá 28. febrúar 2013 til 14. mars 2013. Þeir sem vilja gera athugasemdir við lýsinguna þurfa að skila þeim inn á bæjarskrifstofu Ísafjarðarbæjar, Stjórnsýsluhúsinu, Hafnarstræti 1, Ísafirði eigi síðar en 14. mars 2013.

Ísafirði 22. febrúar 2013.

Jóhann Birkir Helgason, sviðstjóri
framkvæmda- og eignasviðs.



ÍSAFJARÐARBÆR



Orkubú Vestfjarða



Ekki veit ég hvort margir eru að safna jakkamerkjum hér í bæ, en þykir það þó líklegt. Eins safnara er sárt saknað. Ingvar Anton Antonsson (Ingi Toni) lét eftir sig mjög

gott safn, sennilega það veglegasta hér um slóðir. Ef einhver er í safnarahugleiðingum má hinn sami hafa samband, því aldrei er að vita nema ég eigi afgangsmarki

fyrir þann safnara. Það er virkilega gaman að glíma við að raða þessu litla safni mínu upp og rifja upp og reyna að muna hvaðan merkin koma."



Þjónustuauglýsingar

Bílasala
456 3800
Bílaverkstæði
456 4580



Suðurgötu 9

Opið
10-18
alla
virka
daga

Hárkompaní

sími 456 6363

Öll almenn húsasmíði

Bolungavík
456 7080 • 893 9362 • 690 1060

Umboðsaðili fyrir
GLERBORG

Fréttir og
upplýsingar um
réttindi og kjör
á vinnumarkaði
www.verkvest.is

Sími í Bolungarvík 450 7900
Sími á Ísafirði 450-7910

Aðalstræti 19, 415 Bolungarvík • Hafnarstræti 9, 400 Ísafjörður

Trésmiður ehf - Magnús Helgi Alfreðsson
húsasmíðameistari Austurvegi 7
(verkstæði Suðurtanga) Ísafirði

Simar: 897 6775 / 899 0742
Sími/Fax: 456 4075
Netfang: gistias@snerpa.is

Húsasmíði - sérsníði - viðgerðir - nýsmíði: T.d. gluggar, hurðir, stigar, húsgögn, hús, físhjallar og trébátar. Öll almenn trésmíði. Geri verðtilboð.

Hreint umhverfi

Þjóðum vandað úrval Svansmerktra hreinlætisvara, hreinlætispappírs og hreinsiefna.

olis BOLUNGARVÍK
Sími 456 7990 | bolungarvik@olis.is

PRISTURINN

2x14 lítra
+ 1x8 lítra á sleða
Mál: 31 x 46/36cm

Sími: 456 3710
gamarvest.is

Boltinn í beinni...

Föstudagur 1. mars

kl. 19:40 Wolves - Watford

Laugardagur 2. mars

kl. 14:45 Man.Utd. - Norwich

kl. 14:45 Real M. - Barcelona

kl. 14:53 Stoke - West Ham

kl. 14:53 Everton - Reading

kl. 14:53 Chelsea - WBA

kl. 14:53 Southampt. - QPR

kl. 17:15 Wigan - Liverpool

Sunnudagur 3. mars

kl. 15:45 Tottenham - Arsenal

Mánudagur 4. mars

kl. 19:50 Aston V. - Man. City

Þriðjudagur 5. mars

kl. 19:30 Dortmund - Shak. D.

kl. 19:30 Man. Utd - R. Madrid

Miðvikudagur 6. mars

kl. 19:30 PSG - Valencia

kl. 19:30 Juventus - Celtic

Dagar Íslands

28. febrúar 1950:

Clam, breskt oluskip, fórst við Reykjanes. Björgunarsveit frá Grindavík bjargaði 23 mönnum en 27 skipverjar fórust. Flestir þeirra voru kínverskir.

1. mars 1905: Fyrsta síma-skráin var gefin út. Í henni voru nöfn 99 símnotenda.

1. mars 1989: Bjórdagurinn. Framleiðsla og sala á áfengu öli var leyfð eftir 74 ára hlé.

2. mars 1940: Þýsk herflugvél réðst að togaranum Skutli frá Ísafirði þegar hann var á siglingu við Bretland. Enginn slasaðist. Þetta var fyrsta árásin sem íslenskt skip varð fyrir í styrjöldinni.

3. mars 1984: Kvikmyndin Atómstöðin var frumsýnd. Myndin var byggð á sögu Halldórs Laxness.

4. mars 1987: Happabrenna Háskólans kom fyrst á markað. Söluverð hvers skafmiða var 50 krónur og hæsti vinningur 500 þúsund krónur.

Helgarveðrið

Horfur á föstudag:

Suðvestlæg 5-10 m/s og mild veður. Rigning, einkum vestanlands. Gengur í NV 8-13 m/s síðdegis og kólnar.

Horfur á laugardag:

Vestan 8-13 m/s en hægari fyrir norðan. Slydda eða rigning og hiti en vægt frost fyrir norðan.

Horfur á sunnudag:

Norðlæg átt og snjócoma eða él, einkum norðanlands.



	Jón Steingr.	Barefli	Ohreinindi	Skvamp	Hengilmænur
			Stertur	Samhlj.	
	→				↘
Orðróm				Lítil	
				Býsna	
Eink. st.		Brjáluð			
Ljóður		Leggs			
Fánytt skart		Ryk	Bæn		Skóli
			Átt		Yfirlit
				Hvildi	
				Strits	↓
Varðandi			Handleggi	Stafur	
			Hismis	Klafans	Stafla
Tónn		Röð	Erta		
		Örn	Vægt blótsyrði		
Baula				Siður	
Skopleikritið				Átt	
				Fita	
				Reglu-mann	
Hámark			Finni		Krydd
			Drepa		↓ Austur
Fimm		Milliátt		Hægt	
Umrót		Sviða		Ílát	Hornskór
			Miskunn Kyrtil		
			Preyta		
Svik Viðureign					Á lit
Fuglar					Lyfti-duft
				Eimur	
				Guð	
Dvelur Átt				Kvabbi	
Heiður				Átt	
			Burðar-dýr		Frá



Geirnaglinn ehf

Trésmíðaverkstæði
Strandgötu 7b
400 Ísafirði
Sími: Þórhallur 848 2087
Sími: Magnús 862 3122
www.geirnaglinn.is



HRADFRYSTIHÚSID-GUNNVÖR HF.
- sjálfbær niðing sjávarauðlinda



Lausn á síðustu krossgátu

		H	R	Æ	Ð	S	L	U	Ó	P			
			Ó	K		S				Æ			
		⇒	H	J	Á	L	P	A	Ð	↘			
		U	A		Ó			G	O	T			
Jón Steingr.	↓			G	R	I	Ð	U	N	G	I		
		M	E	G	U	R	Ð		R	S	L		
	D	E	L	A	R		A	↖	Ð	I	V	↗	
	I	Ð	J	U		Ú	T	H	A	L	D		
		↓	A	F	L	T	J	Á		M		G	
			M		A		H	A	U	Ð	U	R	O
	P	Ú	A	R	V	A	R	↓		R	Ö	R	
		S	T		A	G	A	T	A		S	T	
		↓	V	E	G	A		Ó	L	E	T	I	
			T	I	G	N		S	N	I	L	L	D
	H	I	K	I	R	S	K	A	N	S		A	
		L		L	J	Á	I	N	N	A	R	M	
😊	↖	H	J	Á	L	P	A	R		Ó	P		

Sudoku þrautir

			5		8	9	4	
				3				
		1		7		5		3
	1					8	6	
			9		1			
	4	5					1	
8		2		9		7		
				8				
	5	9	4		3			

	8					7		
	7	1		8				6
3			6	2		8		
		8		9			1	
			2		3			
	3			1		9		
		7		6	1			3
9				7		1	2	
		5						9



HVERS SAKNAR ÞÚ MEST FYRIR VESTAN

Sigríður Steinunn Axelsdóttir, kennari á effirlaunum segir frá

„Hvers saknar sá sem fer frá Ísafirði eftir að hafa alið þar manninn í þrjátíu og sjö ár?

Ég nefni fyrst fólkið.

Ég eignaðist góða vini, vinnufélaga og nágretta. Raunar kom mér á óvart, allt frá fyrsta degi, hvað fólk á Ísafirði er skemmtilega blandaður hópur, frjótt og skemmtilegt. Það er umhugsunarefni hvort og hvernig áhrif staðhættir og landslag hafa á íbúana. Ég held eitthvað sé til í því, að þó þú kveðjir móður þína í dyrunum fari þorpið með þér alla leið. Ég er ekki frá því að ég sjái þetta á mínum fjórum krökkum, sem slitu þarna barnsskónum. Mér fannst árstíðaskipti á Ísafirði áhrifameiri en á öðrum stöð-

um sem ég hef dvalið. Það er trúlega af því að þar vestra kynntist ég því hvernig er að búa þar sem snjóar mikið. Mér þótti ótrúlega fallegt og gaman að vera á ferð í snjöhvítum heimi. Jafn gaman var svo að sjá landið grænka á vorin.

Á eftir fólkinu sakna ég bókasafnsins. Það þarfnast varla skýringar. Var Jóhann ekki alltaf með blöð og bækur undir hendinni á leið úr og í vinnu? Mig minnir það. Nú má líka að nefna brauðin í Gamla, tónleika í Hömrum, gönguferð inn í Skógi, árs hátíð í Grunnskólanum, spegilsléttan Pollinn, mjólkurskömmun í Björnsbúð svo dæmi séu tekin. Listinn gæti orðið mjög langur. Það kann að virðast

þversögn, en mér finnst kostur hvað Ísafjörður er langt frá þéttbýlinu hér fyrir sunnan. Þar held ég sé að finna skýringuna á því hvað fólk var duglegt að byggja gott samfélag en beið ekki eftir því að aðrir gerði allt fyrir það. Hver maður vegur þyngra í samfélaginu. Krambúðin og Neðsti er sér kapituli og kemst ekki fyrir á blaði.

Ísafjörður nú er ekki sá sami og Ísafjörður var fyrir 37 árum, en í mínum huga býr staðurinn yfir einhverjum dularfullum áhrifum, leyndardómi og hefur alltaf gert. Þessum áhrifum get ég ekki lýst í fáum orðum, en ég heyri þau í skóhljóðinu þegar snjó leysir og sé þau í skuggunum þegar sólin skín.”

GÓÐ SAMSKIPTI



AÐ SETJA SIG Í SPOR ANNARRA

**AÐ GLEÝMA ÞVÍ ALDREI AÐ ANNAD FÓLK HEFUR
ÞARFIR OG SKOÐANIR SEM ERU ÖÐRUVÍSI EN OKKAR**

**HUGREKKI, ATHYGLI
VIRÐING, ÞOLINMÆÐI**

**AÐ LEIÐA FREKAR EN SKIPA
MUNA HLUTI SEM SNÚAST UM AÐRA**



★ **GÓÐ SAMSKIPTI BÆTA LÍFIÐ** ★

**OG ÞAU VERÐA TIL HJÁ
OKKUR SJÁLFUM**

**Vodafone hefur trú á
góðum samskiptum**



Það bætir lífið þegar við leggjum okkur fram um að eiga góð samskipti. Við viljum tala máli góðra samskipta í samfélaginu því þau eru grundvöllurinn að allri þjónustu sem við veitum.

Þín ánægja er okkar markmið